

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, er hér með eftir tillögu landlæknis, staðfest framanrituð heilbrigðis-samþykkt fyrir Njarðvíkurhrepp í Gullbringusýslu, er hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. ágúst 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja á Tálknafjarðarvegi í Barðastrandarsýslu.

Hámarkshraði ökutækja á Tálknafjarðarvegi um þorpið í Tálknafirði skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Vogakauptúni í Gullbringusýslu.

Hámarkshraði ökutækja í Vogakauptúni skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.